

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

- 60. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 28. febrúar 2005 að Austurvegi 2, Selfossi. (Ráðhús Árborgar III hæð)**  
**Mættir: Einar Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.**  
**Einnig mættu á fundinn: Fulltrúar frá rekstrarráðgjafafyrirtækinu InPro sem vistað er í Kópavogi, frá InPro komu þeir Gestur Pétursson og Helgi Rafn Helgason. Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri mætti einnig á fundinn.**  
**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 9.30**  
**Efni fundarins var eftirfarandi:**

**1. Kynning InPro á hugmyndum um einkarekstur slökkviliða**

Gestur dreifði í upphafi fundar, til fundarmanna, ljósritum af tölvukynningu (“Power Point”) sem hann hefur notað vegna kynningar á efninu.

Hann fór síðan yfir helstu atriði.

Hugmyndin byggist á að InPro taki yfir núverandi rekstur sveitarfélaga á slökkviliðum. Gestur taldi að æskileg rekstareining velti a.m.k. 100 millj.

Hann byggði mál sitt á þeirri reynslu sem danir hafa haft af rekstri Falk sem er einkarekið og mörg sveitarfélög utan Kaupmannahafnar kaupa þjónustu af.

Gestur sagði hagkvæmnina byggjast á forvarnarþáttum með t.d. fjölgun eldvarnareftirlitsmanna og möguleikum á sértekjum inn í reksturinn.

Margt fleira kom fram á fundinum sem fundarmenn ræddu frá ýmsum hliðum.

Þar kom m.a. fram umræður um sameiginlegt slökkvilið í Árnæssýslu sem hefði á sinni könnu sjúkraflutninga.

Gestur sagði að InPro hefði ekki kynnt þessar hugmyndir fyrir öðrum fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi, þetta væri fyrsta kynningin á svæðinu en til stæði að fara víðar.

Hann lagði síðan fram hugmyndir á fyrirkomulagi úttektar með tilliti til þess sem lagt var upp með á fundinum, hann mun senda formanni gögn þar að lútandi.

Stjórnin mun ræða framhald málsins á næsta stjórnarfundum.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 11.15**

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson  
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson